

## Kennsluáætlun 4. bekkur

Fagheiti: Náttúru- og samfélagsgreinar		Kennarar: Anna Margrét, Halla og Helga Ólöf			
Tímabil	Hæfniviðmið Við lok 4. bekkjar getur nemandi	Námspættir	Námsefni/ kennslugögn	Leiðir	Matsviðmið/ Námsmat
Haust - vor	<p><b>Reykjavík, höfuðborgin mín</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• gert grein fyrir einkenni höfuðborga,</li> <li>• sagt frá einkennum og sögu heimabyggðar og tengslum við önnur svæði á Íslandi,</li> <li>• borið saman samfélag þorps og borgar,</li> <li>• sagt frá gerð og mótun íslensks samfélags fyrr og nú,</li> <li>• bent á nokkrar stofnanir samfélagsins og helstu kennileiti,</li> <li>• tekið þátt í samstarfi og samræðum í jafningjahóp,</li> <li>• sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra,</li> <li>• hlustað á og greint að ólíkar skoðanir,</li> <li>• tjá þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti.</li> </ul>	<p>Sjávarþorp og einkenni þeirra skoðuð, samgöngur og atvinnulíf borið saman eftir landshlutum.</p> <p>Munur á þéttbýliskjarna eftir stærð, þorp, bær, kaupstaður og borg.</p> <p>Höfuðborgin okkar kynnt, saga hennar, helstu kennileiti, byggingarefni og byggingarstíll skoðaður.</p> <p>Opinberar byggingar og starfsemi þeirra skoðuð.</p> <p>Heimildavinna um stofnanir í Reykjavík og starfsemi þeirra.</p> <p>Miðbær og byggingar í Reykjavík skoðaðar.</p>	<p>Söguramminn Reykjavík eftir Björgu Eiríksdóttur.</p> <p>Heimildir af neti og úr bókum ásamt myndum.</p>	<p>Nemendum kennt að afla sér upplýsingar í bókum og á veraldarvefnum.</p> <p>Umræður. Rökræðu. Hlustun. Hópvinna. Segja frá verkefnum. Læra að skipuleggja sig.</p> <p>Vönduð vinnubrögð.</p> <p>Teikna merkar byggingar og skrifa um þær.</p> <p>Skoðunarferð með rútu.</p> <p>Foreldrum boðið að skoða afrakstur námsefnisins í fyrstu kennslustund skóladags.</p>	<p>Leiðsagnarmat fer fram allan tímann</p> <p>Matskvarðar notaðir í hópvinnu.</p> <p>Ástundunareinkunn út frá vinnu í kennslustundum.</p>

	<p><b>Ættfeður Ísraelsmanna</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• sagt frá nokkrum kenningum sköpunarsögunnar,</li> <li>• nefnt innihald Biblíu kristinnar trúar. Hvernig hún varð til og hvar sögur hennar gerast,</li> <li>• þekkt þau lönd sem tengjast biblíuslóðum og mismunandi umhverfi þeirra,</li> <li>• gert grein fyrir ættfeðrum Ísraelsmanna og helstu sögu þeirra,</li> <li>• sagt frá Egyptalandi til forna, lífsháttum, trú og menningu fornegypta,</li> <li>• útskýrt hvernig tækni hefur áhrif.</li> </ul>	<p>Biblían – Nýja testamentið – Gamla testamentið Landfræðileg staðsetning Ísraels og Egyptalands.</p> <p>Fjallað um landslag, gróðurfar og loftslag á þessum slóðum.</p> <p>Fræðst um ættfeður Ísraelsmanna og sögurnar sem tengjast þeim.</p> <p>Siðfræði.</p> <p>Lífnaðarhættir. Epyptaland til forna.</p>	<p>Söguramminn Ættfeður Ísraelsmanna eftir Björgu Eiríksdóttur.</p> <p>Stjarnan eftir Iðunni Steinsdóttur og Sigurð Pálsson.</p> <p>Góði hirðirinn eftir Sigurð Pálsson.</p> <p>Biblían og ýmsar aðrar bækur er tengjast kristinni trú.</p> <p>Ýmsar bækur af bókasafni og heimildir af neti.</p>	<p>Biblían kynnt og skoðuð. Myndum varpað upp af skjávarpa.</p> <p>Landfræðileg staðsetning Ísraels og Egyptalands skoðuð á kortum.</p> <p>Umræður, ýmsum siðfræðilegum spurningum velt upp er tengjast þessum sögum s.s. frumburðarréttur, að sættast, umburðarlyndi og öfund.</p> <p>Fjallað um lífnaðarhætti fólks, húsnæði, klæðaburð, samgöngur og menningu á þeim tíma og borið saman við nútímann.</p> <p>Fræðst um Epyptaland til forna ,s.s. faraóa, hallir, píramída, letur, guði, múmíur og fleira.</p>	<p>Leiðsagnarmat fer fram allan tímann</p> <p>Matskvarðar notaðir í hópvinnu.</p> <p>Vinnubækur metnar til einkunnar.</p> <p>Ástundunareinkunn út frá vinnu í kennslustundum.</p>
--	---	---	---	--	---

**Kennsluáætlun getur breyst án fyrirvara. Við gerð námsáætlunar hefur verið tekið mið af Aðalnámskrá grunnskóla.**